

Tillögur

um endurskoðun laga um greiðsluaðlögun og um breytingar á lögum um gjaldþrotaskipti, nauðungarsölu, aðför og innheimtu

1

Tillaga um breytingar 10 kafla gjaldþrotalaga nr. 21/1991 um greiðsluaðlögun og brottfall laga nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðskulda

63. gr. a.

Samkvæmt fyrirmælum þessa kafla getur maður leitað nauðasamnings til greiðsluaðlögunar ef hann sýnir fram á að hann sé ög eða¹ verði um fyrirséða framtíð ófær um að standa í skilum með skuldbindingar sínar.

Eftir því sem átt getur við gilda almennar reglur laga þessara um slíka nauðasamninga, þar á meðal heimild til að leita þeirra og samningsumleitunar, að því leyti sem annað leiðir ekki af ákvæðum þessa kafla.

Lögin ná ekki til einstaklinga sem undangengin þrjú ár hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á atvinnustarfsemi², hvort sem þeir hafa lagt stund á hana einir eða í félagi við aðra, nema því aðeins að atvinnurekstri hafi verið hætt ög eða³ þær skuldir sem stafa frá atvinnurekstrinum séu tiltölulega lítill hluti af heildarskuldum þeirra.

Samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í kafla þessum getur eigandi íbúðarhúsnæðis og eigandi skráningarskyldrar bifreiðar til einkanota, sem ekki getur staðið full skil á greiðslu skulda sem tryggðar eru með veði í þeim eignum, leitað eftir greiðsluaðlögun vegna þeirra.⁴

Með slíkri greiðsluaðlögun breytast skuldbindingar skuldarans á þann hátt að aðeins verða gjaldkræfar greiðslur sem honum telst fært að standa straum af, sbr. 6.tl. 2. mgr. 63. gr. c. en frestað er gjalddaga þess hluta skuldbindinganna sem út af stendur svo lengi sem greiðsluaðlögun varir. Að þeim tíma loknum skal metið hvort færa eigi niður þær veðskuldir sem greiðsluaðlögun tekur til og/eða breyta skilmálum þeirra, sbr. 63. gr. k. Ef ætla má, að tekjur skuldara breytist ekki á næstu 5 árum frá því að beiðni er sett fram, er þó heimilt að ákveða niðurfærslu veðskulda og/eða

¹ Með þessu er sá hópur sem stefnir í veruleg vandræði án þess að vera komin í þau tekinn um borð.

² Mikilvægt er að fram komi í greinargerð, að hugtakið atvinnustarfsemi taki til sjálfstæðrar starfsemi eins og t.d. verðbréfavíðskipta umfram það sem venjulegt fólk stundar með sparifé sitt.

³ Breytingin felur það í sér að t.d. dagforeldri getur átt rétt á greiðsluaðlögun án þess að leggja niður þau störf sem eru lífsviðurværi þess.

⁴ Hér er lagt til að greiðsluaðlögun geti jöfnum höndum tekið til bifreiða og fasteigna til eigin nota. Markmiðið er að ná utanum veðskuldir umfram verðmæti fasteigna og bifreiða, með það fyrir augum að afskrifa þær skuldir sé greiðslugeta ekki til staðar, enda kjósi veðhafi sem telur sig hlunnfarinn með slíkri afskrift, ekki að leysa viðkomandi eign til sín gegn yfirtöku áhvílandi skulda. Í tillögum er í sumu fylgt ákvæðum laga um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðskrafna en meginatriðið er að öll greiðsluaðlögun er felld inn í eina samfellda löggjöf.

skuldbreytingu þeirra sbr. 63.gr.i, þegar í stað.⁵

Greiðsluaðlögun veðkrafna skv. 3.mgr. getur þó einungis fengið sá einstaklingur sem er þinglýstur eigandi viðkomandi fasteignar og sá sem skráður er eigandi viðkomandi bifreiðar og hefur forræði á fê sínu. Eigi tveir eða fleiri einstaklingar viðkomandi fasteign í óskiptri sameign verða þeir í sameiningu að ganga til greiðsluaðlögunar. Í lögum þessum er eigandinn nefndur skuldari. Sé ekki annað tekið fram gildir það jafnt hvort sem hann er einn eða þeir eru fleiri.

Greiðsluaðlögun getur aðeins varðað fasteign þar sem skuldarinn heldur heimili og hefur skráð lögheimili, enda sé um að ræða hæfilegt húsnæði sem ætlað er til búsetu samkvæmt ákvörðun skipulags- og byggingaryfirvalda. Sé fasteignin í sameign fleiri en eins eiganda er nægilegt í þessu skyni að einn þeirra eigi þar heimili samkvæmt því sem að framan segir.

Greiðsluaðlögun fellur sjálfkrafa úr gildi ef eigendaskipti verða að eigninni sem hún varðar, þar á meðal með andláti skuldara eða því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta.

63. gr. b.

Með greiðsluaðlögun má kveða á um algera eftirgjöf samningskrafna, hlutfallslega lækkun þeirra, gjaldfrest á þeim, greiðslu þeirra með hlutdeild í afborgunarfjárhæð skv. 6. tl. 2. mgr. 63. gr. c í einu lagi eða með ákveðnu millibili á nánar tilteknu tímabili sem að jafnaði skal vera þrjú ár og ekki lengra en átta ár⁶, breytt form á greiðslu þeirra eða allt framangreint í senn.

Greiðsluaðlögun tekur til veðkrafna svo sem hér segir:

1. Krafna sem tryggðar eru með lögveði að því leyti sem þær eru fallnar í gjalddaga áður en skuldari leggur fram beiðni um greiðsluaðlögun.
2. Krafna sem tryggðar eru með samningsveði, enda taki veðrétturinn til ákveðinnar skuldar sem þegar er orðin til og greiðsluskuldbindingin hvílir á skuldanum sjálfum eða einhverjum eigandanum séu þeir fleiri en einn.
3. Krafna sem tryggðar eru með aðfararveði í eigninni að því leyti sem tryggingarétturinn fellur ekki niður vegna greiðsluaðlögunarinnar.

Greiðsluaðlögun hefur ekki áhrif á tryggingarréttindi í eigninni á grundvelli kyrrsetningar eða löggeymslu, en krafa sem slík réttindi eru fyrir kemur ekki til greiðslu nema fjárnám hafi jafnframt verið gert í eigninni fyrir sömu kröfu.

Þegar ósk um heimild til þess að leita greiðsluaðlögunar hefur borist héraðsdómi skv. 37.gr. frestast nauðungarsala, sem leitað kann að hafa verið á viðkomandi fasteign, meðan reynt er að koma greiðsluaðlögun á.⁷

Umsjónarmaður getur krafist þess að skuldari selji eignir, hvort heldur sem er fasteignir eða

⁵ Í lok þessarar málsgreinar er lagt til, að ef fyrirsjáanlegt er að tekjuforsendur skuldara muni lítið ef nokkuð breytast á næstu fimm árum, verði heimilt að framkvæma niðurfellingu veðskulda þegar í stað, í stað þess að setja á 3 ára greiðsluaðlögunartímabil.

⁶ Nauðsynlegt getur verið að lengja tímabilið ef telja megi líklegt að einstaklingur muni vegna menntunar sinnar eða réttinda geta aflað sér mun betri tekna um leið og losnar um klær kreppunnar.

⁷ Hér er gert ráð fyrir að nauðungaruppböð á fasteignum stöðvist um leið og óskað er eftir heimild til greiðsluaðlögunar í stað þess að það frestist þegar heimild hefur verið veitt með úrskurði héraðsdóms. EKKI er gert ráð fyrir að nauðungaruppböð á lausafé, þ.m.t. bifreiðum stöðvist.

lausafjármuni, til að greiða skuldir, þó ekki eignir sem nauðsynlegar eru skuldara og heimilismönnum hans til að halda látlaust heimili með þeim hætti, sem almennt gerist.⁸

63. gr. c.

Skuldari sem æskir heimildar til að leita greiðsluaðlögunar skal gera beiðni um hana samkvæmt því sem segir í 7. gr. og 1., 3. og 4. tölul. 34. gr. Henni skulu fylgja gögn sem hún er studd við ásamt greiðsluáætlun skv. 2. mgr. og gögnum til staðfestingar upplýsingum í henni, vottorði um hjúskaparstöðu og fjölskyldu og síðustu fjórum skattframtölum skuldara.

Í greiðsluáætlun skuldara skal koma fram:

1. hverjar tekjur hans eru og annarra sem teljast til heimilis með honum, hvort sem er af vinnu eða öðrum sökum, og upplýsingar um af hvaða samningum eða atvikum tekjurnar ráðast, svo og hvort horfur séu á að breytingar verði á tekjum þeirra eða atvinnuhögum,

2. hvort hann muni hafa fé af öðru en tekjum sínum til að greiða af skuldum, svo sem vegna sölu eigna eða fjárframlaga annarra,

3. sundurliðuð fjárhæð skulda sem þegar eru gjaldfallnar, svo og fjárhæð ógjaldfallinna skulda og eftir atvikum upplýsingar um afborgunarkjör, gjalddaga, vexti og verðtryggingu þeirra, en frá þessu öllu skal greint án tillits til þess hvort greiðsluaðlögun sé ætlað að ná til þessara skuldbindinga,

4. hverjar veðskuldirnar eru skv. 2.mgr. 63.gr. b sem greiðsluaðlögun er ætlað að taka til, við hverja þær eru og við hvaða heimild þær styðjast, hver staða þeirra er í veðröð, hver núverandi fjárhæð þeirra er sundurliðuð annars vegar í vanskil og hins vegar ógjaldfallinn þátt þeirra, svo og hvenær og hvað skuldari verður að greiða í afborganir og vexti af því sem ógjaldfallið er ef ekki kemur til greiðsluaðlögunar.

5. –4. framtíðaráætlun um meðaltal mánaðarlegra útgjalda skuldara og þeirra sem teljast til heimilis með honum, þar á meðal vegna framfærslu, opinberra gjalda, húsaleigu og afborgana af skuldum sem tryggðar eru með veði eða á annan hátt í íbúðarhúsnæði eða öðrum eignum skuldara sem hann hyggst leitast við að eiga áfram,⁹

6. –5. a. hvað ætla megir að sé eðlilegt leiguendurgjald fyrir það íbúðarhúsnæði sem skuldari hyggst eiga áfram og sem greiðsluaðlögun tekur til¹⁰

b. hvað ætla megir að sé, m.v. upphaflega skilmála láns með veði í bifreið sem skuldari hyggst eiga áfram, afborgun af því láni m.v. að fjárhæð þess sé ekki hærri en upphaflegt kaupverð hennar¹¹

c. hvað ætla megir að teknu tilliti til a og b liðar, af framansögðu og öðru sem máli getur skipt að afborgunarfjárhæð geti orðið af öðrum sammingskröfum, hvenær hún verði greidd í einu lagi eða með reglubundnum greiðslum á tilteknu tímabili og hvort og þá hvaða trygging verði sett fyrir þeim.

Afborgunarfjárhæð, sem fundin er skv. 6.5. tölul. 2. mgr., skal bundin við launavísitölu eða á annan hátt við tiltekna mælingar á verðlagsbreytingum sem svara til þess hvernig skuldari hyggst afla tekna til að standa undir greiðslu hennar. Tekið skal fram í greiðsluáætlun hvernig

⁸ Hér er umsjónarmanni gefin almenn heimild til þess að krefjast sölu eigna umfram þarfir. Greiðsluaðlögun er ekki ætlað tryggja skuldara niðurfellingu skulda á fasteignum sem eru langt umfram þarfir hans og fjölskyldu hans. Það sama á við um dýrt lausafé.

⁹ Nokkuð hefur verið kvartað yfir því að ekki séu til almenn og rétt viðmið um neyslu sem nota mætti í þessu skyni í stað þess að reiða sig á mat umsjónaraðila.

¹⁰ Gert er ráð fyrir að hámark greiðslu upp í veðskuld á íbúðarhúsnæði verði meðan greiðsluaðlögun stendur, ekki hærri en sem nemur eðlilegu leigugjaldi.

¹¹ Gert er sömuleiðis ráð fyrir að hámark greiðslu af bílalanum verði ekki umfram það sem ætla má að ætti að vera af láni jafnháu og upphaflegt kaupverð var.

verðtryggingu samkvæmt þessu verði háttáð.

Geti skuldari lagt þegar í stað af mörkum fé til greiðslu af skuldum skal því fyrst varið til að greiða kröfur sem lögveðréttur er fyrir og gjaldfallnar voru áður en beiðni um greiðsluáðlögun var tekin til greina. Standi eitthvað þá eftir af því fé skal því ráðstafað til að greiða upp vanskil á skuldum eftir stöðu þeirra í veðröð svo langt sem fjárhæðin hrekkur til en þó þannig að fyrst skal greiða af fasteignaveðskuldum.

Afborgunarfjárhæð, sem reiknuð er eftir a. lið 6. tl. 2. mgr., skal varið fyrst til að gera full skil á kröfum, sem lögveðréttur er fyrir, enda hafi þær ekki greiðst samkvæmt því sem í 4. mgr. segir. Eftir að full skil hafa verið gerð á þeim kröfum skal mánaðargreiðslu ráðstafað hverju sinni til að greiða áður ákveðnar afborganir af skuldum ásamt vöxtum og eftir atvikum verðtryggingu þannig að fyrst komi til greiðslu af þeirri skuld, sem hverju sinni stendur fremst í veðröð, en standi þá eftir fé af þeirri mánaðargreiðslu skal því þessu næst varið til greiðslu af skuldinni sem næst er í veðröð og svo koll af kolli.

Afborgunarfjárhæð, sem reiknuð er eftir b. lið 6. tl. 2. mgr., skal varið fyrst til að gera full skil á kröfum, sem lögveðréttur er fyrir, enda hafi þær ekki greiðst samkvæmt því sem í 4. mgr. segir. Eftir að full skil hafa verið gerð á þeim kröfum skal mánaðargreiðslu ráðstafað hverju sinni til að greiða áður ákveðnar afborganir af skuldum ásamt vöxtum og eftir atvikum verðtryggingu þannig að fyrst komi til greiðslu af þeirri skuld, sem hverju sinni stendur fremst í veðröð, en standi þá eftir fé af þeirri mánaðargreiðslu skal því þessu næst varið til greiðslu af skuldinni sem næst er í veðröð og svo koll af kolli.

Standi fé þá eftir af mánaðargreiðslu skal því varið til greiðslu annarra sammingskrafna. Að því leyti sem ekkert fæst af mánaðargreiðslu upp í kröfu vegna stöðu hennar í veðröð ber hún vexti og tekur skilmálabreytingum skv. 2. og 5. mgr. 63. gr. h.

Í greiðsluáætlun má setja ákvæði um að kröfur innan tiltekinnar fjárhæðar, sem hefðu ella talist sammingskröfur, verði greiddar að fullu ef sú fjárhæð verður talin óveruleg í ljósi fjárhags skuldara, en ákvæði sem þetta má ekki standa nema allar sammingskröfur fái að minnsta kosti greiddar með þeirri fjárhæð. Leiti skuldari eftir því að tilteknir lánardrottnar hans afsali sér í einhverju tilkalli til hlutdeildar í afborgunarfjárhæð skal þess sérstaklega getið í greiðsluáætlun.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð¹² að skuldara bjóðist endurgjaldslaus aðstoð við gerð beiðni og fylgigagna með henni hjá opinberri stofnun eða öðrum. Eigi skuldari kost á slíkri aðstoð getur hann ekki notið greiðslu sem þessu svarar eftir lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.

Skuldari sem æskir heimildar til þess að leita greiðsluáðlögunar á rétt á endurgjaldslausri aðstoð hjá opinberri stofnun eða öðrum við að semja umsókn ásamt fylgigögnum með henni skv. því sem nánar skal ákveðið í reglugerð. Njóti skuldari slíkrar aðstoðar getur hann ekki notið greiðslu sem þessu svarar eftir lögum um réttaraðstoð við einstaklinga sem leita nauðasamninga.¹²

63. gr. d.

¹² Hér er lagt til að skuldari eigin skýlausan rétt á aðstoð hins opinbera við í upphafi ferilsins. Ljóst er að veita þarf talsverðum fjármunum til þess að tryggja hraða afgreiðslu mála en um nauðsyn þess eru allir sem að koma sammála.

Auk þeirra ástæðna sem skv. 3. tl. og 1. málslíðs 4. tl.¹³ 1. mgr. 38. gr. sbr. og 3. mgr. gr. 63.a., skulu leiða til þess að héraðsdómari synji um heimild til að leita nauðasamnings getur héraðsdómari hafnað beiðni um heimild til að leita greiðsluaðlögunar ef eitthvert eftirtalinna atriða á við:

1. að fyrirbyggjandi gögn gefi ekki nægilega glögga mynd af fjárhag skuldara eða væntanlegri þróun fjárhags hans á því tímabili sem greiða á af skuldum hans samkvæmt greiðsluáætlun,

~~2.— að skuldari hafi hagað fjármálum sínum á verulega ámælisverðan hátt eða tekið fjárhagslega áhættu sem ekki var í samræmi við fjárhagsstöðu hans á þeim tíma sem til fjárhagsskuldbindingarinnar var stofnað;~~

~~— 3.— að til skulda hafi verið stofnað á þeim tíma er skuldari var greinilega ófær um að standa við fjárhagsskuldbindingar sínar;~~

~~— 24. að skuldari hafi bakað sér skuldbindingu sem einhverju nemur miðað við fjárhag hans með háttsemi sem varðar refsingu eða skaðabótaskyldu,~~

~~— 5.— að skuldari hafi svo að máli skipti látið hjá líða að standa í skilum við lánardrottna sína þótt honum hefði verið það kleift að einhverju leyti eða öllu;~~

36. að ætla megi að skuldari hafi hagað gerðum sínum svo sem raun varð á með ráðnum hug um að leita greiðsluaðlögunar.¹⁴

Skuldari má skjóta til æðra dóms úrskurði héraðsdómara þar sem synjað er um heimild til að leita greiðsluaðlögunar. Ef heimildin er veitt fyrir æðra dómi miðast tímamörk í ákvæðum VI. kafla við þann dag sem úrlausn hans er kveðin upp. Úrskurði héraðsdómara þar sem veitt er heimild til að leita greiðsluaðlögunar verður ekki skotið til æðra dóms.

Um ~~skipun og~~ stöðu umsjónarmanns með greiðsluaðlögun fer skv. 2. málslíð 2. mgr. 39. gr. ~~Þóknun umsjónarmanns greiðist úr ríkissjóði ásamt öðrum kostnaði af greiðsluaðlögun samkvæmt ákvörðun héraðsdómara. Þóknunin skal þó aldrei vera hærrí en 200 þús. kr.~~

~~☐~~ ~~DD~~ómsmálaráðherra er heimilt að skal fela sýslumanni, einum eða fleiri, eða opinberri stofnun umsjón með nauðasamningi um greiðsluaðlögun og skal héraðsdómari skipa einn þeirra til umsjónar með bókun í þingbók.¹⁵

63. gr. e.

Í innköllun umsjónarmanns til lánardrottna skuldara skal auk þess sem segir í 1. mgr. 44. gr. koma fram að leitað sé greiðsluaðlögunar, svo og hvenær fundur verði haldinn með þeim sem telja sig eiga ~~samnings~~kröfur á hendur skuldara til að fjalla um greiðsluáætlun hans. Áætlunin skal fylgja tilkynningu til lánardrottna skv. 2. mgr. 44. gr.

Þeir lánardrottnar sem fara með samningskröfur á hendur skuldara og hafa lýst kröfum sínum fyrir umsjónarmanni innan kröfulýsingarfrests eiga einir upp frá því rétt á að láta málið til sín taka.

Begar kröfulýsingarfrestur er á enda skal umsjónarmaður gera skrá um ~~samnings~~kröfur sem borist hafa innan frestsins og skal greint í henni frá þeim atriðum sem getið er í 1. og 2. tölul. 1. mgr. 46. gr. Nú hefur ~~samnings~~kröfu ekki verið lýst sem skuldari hefur gert grein fyrir í greiðsluáætlun og skal þá umsjónarmaður krefja þann lánardrottin svara um hvort krafan sé til, en reynist svo vera skal

¹³ Hér er lagt til að ýmsum hindrunum 38 gr. sé rutt úr vegi auk þess sem verulega er dregið úr takmörkunum sem eru í gildandi lögum með því að taka úr 2,3 og 5 tl. gildandi laga.

¹⁴ Lagt er til að verulega sé létt á skilyrðum greiðsluaðlögunar og horfið frá því að refsa lántakendum fyrir að hafa skuldsett sig skv. ráðleggingum banka og lánastofnana.

¹⁵ Hér er gert ráð fyrir því að alfarið verði horfið frá því að sjálfstætt starfandi lögmenn eða aðrir annist umsjón gegn gjaldi. Þess í stað fjármagni og manni ríkið þessar „skilaneindir“ heimilanna í landinu.

hún tekin upp í skrána með þeirri fjárhæð sem upplýst hefur verið um. Nú hefur veðkröfu ekki verið lýst og skal þá umsjónarmaður krefja þann lánadrottin svara um fjárhæð hennar. Þegar skuldara hefur gefist kostur á að kynna sér skrána skal umsjónarmaður veita honum aðstoð til að gera breytingar á greiðsluáætlun ef efni standa til þeirra.

63. gr. f.

Fundur skal haldinn til að fjalla um greiðsluáætlun skuldara innan tveggja vikna frá lokum kröfulýsingarfrests og gilda um hann ákvæði 1. og 2. mgr. 48. gr. eftir því sem á við. Sé kröfu á skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e mótmælt af öðrum lánadrottinni eða skuldararannum skal umsjónarmaður staðreyna hvort deila standi um kröfuna í heild eða afmarkaðan hluta hennar og leitast annars við að jafna ágreining um hana. Slíkur ágreiningur stendur að öðru leyti ekki því í vegi að umleitunum til greiðsluáðlögunar verði fram haldið.

Á fundinum ber skuldara að gefa þær skýringar sem lánadrottinnar leita eftir, en umsjónarmaður skal síðan gefa þeim hverjum fyrir sig kost á að lýsa afstöðu sinni til greiðsluáætlunar skuldara, sem greint skal frá í fundargerð. Skuldara skal að því gerðu gefinn kostur á að endurskoða greiðsluáætlun vegna fram kominna athugasemda og taka eftir atvikum afstöðu til þess hvernig hann hafi í hyggju að fara með umdeilda kröfu, en að þessu öllu gerðu skal hann lýsa yfir að greiðsluáætlun sé endanleg.

63. gr. g.

Þegar greiðsluáætlun skuldara er orðin endanleg skal umsjónarmaður innan viku taka rökstudda afstöðu í skriflegri greinargerð til þess hvort hann mæli með því að greiðsluáðlögun komist á fyrir skuldarann. Við mat á því skal umsjónarmaður meðal annars líta til þess hvort nokkuð hafi komið fram sem í öndverðu hefði átt að standa í vegi greiðsluáðlögun, hvort skuldari leiti eftirgjafar umfram það sem eðlilegt megi telja í ljósi fjárhags hans og framtíðarhorfa, hvort skuldari hafi sinnt skyldum sínum skv. 2. mgr. 63. gr. f og staðið að öðru leyti heiðarlega að verki við umleitanir til greiðsluáðlögunar, hvort raunhæft sé að hann muni geta staðið við skuldbindingar sínar að fenginni aðlögun þeirra að greiðslugetu sinni og hvert sé viðhorf þeirra lánadrottna sem hafa látið sammingsumleitanirnar til sín taka.

Mæli umsjónarmaður gegn því að greiðsluáðlögun komist á skal hann tafarlaust senda greinargerð sína ásamt skriflegri tilkynningu til skuldara og héraðsdómara. Þegar sú tilkynning berst héraðsdómara fellur sjálfkrafa niður heimild skuldara til að leita greiðsluáðlögunar. Falli heimildin niður samkvæmt þessu eða af öðrum þeim ástæðum sem greinir í 41. eða 42. gr. skal umsjónarmaður fá birta svo fljótt sem verða má auglýsingu um þau málalok í Lögbirtingablaði.

Nú mælir umsjónarmaður með því að greiðsluáðlögun komist á og svarar það þá til þess að samþykkt hafi verið við atkvæðagreiðslu frumvarp að nauðasamningi eftir ákvæðum VIII. kafla. Skal umsjónarmaður þá boða skuldara tafarlaust á sinn fund og láta honum í té greinargerð sína ásamt samþykktu frumvarpi að greiðsluáðlögun, þar sem eftirfarandi skal koma fram:

-

1. hversu langt lagt er til að greiðsluáðlögunartímabil verði.

2. hvað skuldari bjóðist til að inna af hendi til greiðslu á samanlögðum kröfumsamningskröfum, þar á meðal með greiðslu af afborgunarfjárhæð, hvort heldur með eingreiðslu tiltekinn dag eða á nánar tilgreindum gjalddögum hverju sinni, svo og hvernig sú fjárhæð verði verðtryggð,

3.

–2. hvaða lánardrottinn eigi þessar kröfumsamningskröfur, hversu mikið hver og hvaða hlutfallslega greiðslu þeir fái af kröfum sínum eða hvert hlutfall hvers þeirra verði í afborgunarfjárhæð,

4.

–3. hvort skuldari geri ráð fyrir að umdeild krafa, ein eða fleiri með nánari tilgreiningu, sé meðal þeirra sem greitt verði af skv. 32. tölul. eða hvort hann beri sjálfur áhættu af niðurstöðu um hana,

5.

–4. hvort tilteknar skuldir verði greiddar að fullu eða meira gefið eftir af þeim en af öðrum samningskröfum, sbr. 64. mgr. 63. gr. c,

6.

–5. hvort trygging verði sett fyrir greiðslum og þá hver hún sé,

7. hvaða eignir skuldara hafa verið eða verði seldar og við hvaða verði

9. hvaða breytingar hann leggur til að gerðar verði á skuldum tryggðum í þeim eignum skuldara sem gert er ráð fyrir að hann haldi og hvaða tryggingum til stendur að aflétta, alveg eða að hluta við lok greiðsluaðlögunartímabils.¹⁶

10. hvaða banki eða lánastofnun hafi tekið að sér að miðla greiðslum skv. frumvarpi að greiðsluaðlögun¹⁷

7.

□ Umsjónarmaður skal senda öllum veðhöfum og þeim lánardrottnum, sem lýst hafa kröfu við umleitanir til greiðsluaðlögunar, greinargerð sína og eftir atvikum samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun ásamt tilkynningu um lyktir málsins í hans höndum.

63. gr. h.

Hafi umleitunum til greiðsluaðlögunar lokið á þann hátt að umsjónarmaður mæli með því að hún komist á skal hann, að fengnu samþykki skuldara¹⁸ skuldari leggja skriflega kröfu um staðfestingu nauðasamningsins fyrir héraðsdómara innan viku frá þeim fundi sem umsjónarmaður boðaði skuldara til skv. 3. mgr. 63. gr. g. Með þeirri kröfu skal fylgja greinargerð umsjónarmannsins, skrá um kröfumsamningskröfur og samþykkt frumvarp að greiðsluaðlögun, auk fundargerða af fundum skv. 63. gr. f og 63. gr. g.

Komist greiðsluaðlögun á vegna veðskulda hefur hún þau áhrif meðan á henni stendur að skuldir sem undir hana eiga bera aðeins þá vexti og eftir atvikum verðtryggingu sem þær hefðu borið í skilum án tillits til gjalddaga. Beri krafan enga samningsvexti skal höfuðstóll hennar verðtryggður miðað við vísitölu neysluverðs og skulu falla á hana vextir sem kveðið er á um í 4. gr. laga um vexti

¹⁶ Með þessari tillögu er lagt til að skuldari geti áttað sig á því hvað framtíðin muni bera í skauti sér er greiðsluaðlögun tekst, þ.e. geti séð „ljós“ strax.

¹⁷ Kvartað hefur verið yfir því að óljóst sé hver beri ábyrgð á greiðslumiðlun eftir að greiðsluaðlögun kemst á og er hér gert ráð fyrir að ákvörðun um það sé hluti frumvarps

¹⁸ Hér er lagt til að umsjónarmaður leggi staðfestingarkröfuna fram að fengnu samþykki skuldara og fylgi þannig málinu eftir til enda.

og verðtryggingu nr. 38/2001. Á greiðsluaðlögunartíma fellur heldur ekki á þær skuldir krafa um innheimtukostnað eða annan kostnað sem stafar af vanskilum. Að því leyti sem ekki fæst greiðsla á kröfu á greiðsluaðlögunartíma bætast áfallnir vextir árlega við höfuðstól hennar.

Hafi krafa, sem upphaflega var samið um að greiða með afborgunum á tilteknum tíma sem enn er ekki kominn, verið gjaldfelld í heild vegna vanskila eða af öðrum sökum veldur greiðsluaðlögun því að gjaldfelling er úr gildi að því er þær afborganir varðar.

Nú er krafa að nokkru komin í gjalddaga án þess að staðið hafi verið í skilum með þann hluta hennar en hún er að öðru leyti í skilum, eftir atvikum vegna ákvæða 3. mgr., og verður þá greiðsluaðlögun til þess að vanskilabáttur kröfunnar, hvað varðar jafnt gjaldfallinn hluta höfuðstóls og vexti og verðtryggingu, leggst við ógjaldfallinn höfuðstól hennar. Um leið skal þá lánstími lengjast til jafnlengdar þeim tíma sem greiðsluaðlögun stendur og skulu greiðslukjör ákveðin á nýjan leik með tilliti til þess, sbr. þó 63. gr. k.

Hvíli samkvæmt sammingsveði eða fjárnámi krafa á eigninni sem öll er komin í gjalddaga án þess að ákvæði 4. mgr. taki til hennar leiðir greiðsluaðlögun til þess að krafan skal teljast gjaldkræf með afborgunum, sem að fjölda skulu svara til þeirra mánaða sem eftir standa af greiðsluaðlögunartímanum þegar fyrst fæst greiðsla upp í kröfuna.

Meðan á greiðsluaðlögun stendur verður ekki stofnað til sammingsveðs í þeim eignum sem greiðsluaðlögun tekur til. Ef fjárnám er gert í þeim á þeim tíma fer um það sem segir í 5. mgr. Á tímabili greiðsluaðlögunar verður ekki krafist nauðungarsölu á þeim eignum sem greiðsluaðlögun tekur til nema til fullnustu lögveðskröfu sem gjaldfallið hefur eftir upphaf hennar.¹⁹

Greiðsluaðlögun hefur sömu áhrif og réttarsátt milli skuldara og lánardrottna hans um þær kröfur sem þeir hafa lýst og/eða koma fram í skrá skv. 3. mgr. 63. gr. e, að því leyti sem skuldari mótmælti þeim ekki.

63. gr. i.

Ljúka má gjaldþrotaskiptum með nauðasamningi til greiðsluaðlögunar eftir ákvæðum XXI. kafla. Í stað þess að þrotamaður leggi frumvarp að nauðasamningi fyrir skiptastjóra og hann láti greiða atkvæði um það skal þrotamaðurinn þá leggja fyrir skiptastjóra greiðsluáætlun og hann síðan leita greiðsluaðlögunar á sama hátt og umsjónarmaður hefði ella gert, en um þetta skal beitt fyrirmælum XXI. kafla með þeim frávikum sem leiðir af ákvæðum þessa kafla.

63. gr. j.

Nú kemur í ljós að loknu greiðsluaðlögunartímabili að skuldari getur ekki staðið full skil á greiðslu skulda, sbr. 4. mgr. 63. gr. a. og getur hann þá leitað til héraðsdómara um endurupptöku á þeim þætti greiðsluaðlögunar er varðar þær. Skal beiðninni fylgja mat á markaðsvirði eignar á almennum markaði og þær upplýsingar sem greinir í 2. mgr. 4. tl. 63. gr. c.

¹⁹ Samkvæmt gildandi lögum geta nauðungaruppboð vegna lánsveða í eign þess sem er í greiðsluaðlögun haldið áfram þrátt fyrir greiðsluaðlögun en hér er lagt til að sú heimild verði afnumin og algert nauðungarsölubann sett á.

Skal héraðsdómari þá boða til þinghalds þar sem beiðni skuldara er tekin fyrir og skal héraðsdómari boða skuldara og veðhafa til fyrirtökunnar. Ef ekki er kunnugt um hver eigi kröfu sem greiðsluaðlögunin tekur til, skal héraðsdómari beina boðun til þess sem upplýst hefur verið að annist innheimtu kröfunnar, en sé heldur ekki um hann vitað verður ekki af boðun hans til þinghalds. Skal boðun fylgja afrit þeirra gagna sem fylgdu beiðni skuldara.

Ef fjárhæð áhvílandi veðskulda reynist hærri en markaðsvirði eignar, er héraðsdómara heimilt að fella niður þann hluta skuldanna sem er umfram markaðsvirði hennar, enda sýni skuldari fram á að hann geti staðið í fullum skilum með þær skuldir sem þá eftir standa að teknu tilliti til þess að heimilt er að kveða á um fleiri gjalddaga, nýjan lánstíma, skuldbreytingu vanskila og brottfall gengistryggingar og upptöku verðtryggingar í hennar stað m.a. í samræmi við skilmála lána Íbúðalánasjóðs þegar íbúðarhúsnæði á í hlut.²⁰

Sé þess krafist í þinghaldi skv. 2. mgr., getur héraðsdómari kvatt til einn eða tvo menn, er sérþekkingu hafa, til að virða innan tiltekins og stutts frests, markaðsvirði eignarinnar. Áður en virðing fer fram, skulu virðingarmenn heita að rækja starf sitt eftir bestu vitund. Héraðsdómari ákveður þóknun þeirra og greiðist hún úr ríkissjóði.

Teljast samkvæmt 3.mgr. að teknu tilliti til 4.mgr. eftir því sem við á, sýnt fram á að samanlögð fjárhæð veðskulda sé hærri en markaðsverð eignar, skal héraðsdómari gefa á fundinum veðhöfum sem fara með kröfur sem standa í veðröð utan þeirra marka, kost á að gera þegar í stað tilboð um að leysa til sín eignina með því að taka að sér rétt hærrí veðkröfur annarra. Komi slíkt tilboð fram, skal leitað afstöðu skuldara til þess. Hafni hann boðinu eða sé hann ekki mættur á fund eða einhver í hans stað, lýkur þessari meðferð máls þegar í stað. Samþykki skuldari tilboðið skal veðhafi standa við það innan tveggja vikna ásamt því að leggja til nauðsynleg skjöl vegna eigendaskipta. Leysi kröfuhafi til sín íbúðarhúsnæði skv. framansögðu hefur skuldari rétt til afnota af því húsnæði í allt að 12 mánuði gegn hæfilegu leigugjaldi sbr. a lið 6 mgr. gr. 63.c.²¹

Verði fallist á kröfu skuldara um niðurfellingu skulda, kveður héraðsdómari upp úrskurð og getur skuldari krafist þess að veðhafar sem úrskurðurinn tekur til skilmálabreyti eftirstöðvum skulda til samræmis við hann. Veðhafi getur kært úrskurð um niðurfellingu skuldar til æðra dóms.

Skuldari sem leitar til héraðsdóms skv. 1.mgr. á rétt á endurgjaldslausri aðstoð hjá opinberri stofnun eða öðrum við að semja umsókn ásamt fylgigögnum með henni skv. því sem nánar er ákveðið í reglugerð.

63. gr. k.

Héraðsdómur getur að beiðni skuldara breytt tilhögun greiðsluaðlögunar ef á greiðsluaðlögunartímanum hafa átt sér stað ófyrirsjáanlegar breytingar á aðstæðum hans, eða ef sérstakar aðstæður eru fyrir hendi sem skerða getu skuldarans til að efna skyldur sínar skv. greiðsluaðlöguninni.

Héraðsdómur getur að beiðni eiganda kröfu sem greiðsluaðlögun tekur til, fellt greiðsluaðlögun

²⁰ Hér er gert ráð fyrir að því sem eftir stendur á eign megi skuldbreyta þannig að lán sem skv. skilmálum sínum eru ógreiðanleg verði gerð greiðanleg t.d. með lengingu o.fl.

²¹ Með þessari tillögu er lagt til að vilji kröfuhafi ekki sætta sig við niðurfærslu skuldar að markaðsverði eignar sé lykluðum að eigninni í raun „skilað“ en skuldara þó áfram tryggð afnot eignarinnar gegn hæfilegri leigu. Um rökin fyrir þeirri tillögu vísast til raka ASÍ varðandi tillögur um samskonar úrræði í kjölfar nauðungaruppbóða og gjaldþrots.

niður ef skuldari hefur gerst sekur um alvarlega vanefnd á greiðsluaðlögun.

Héraðsdómur getur einnig, að beiðni kröfuhafa, gert breytingar á greiðsluaðlögun ef verulegar breytingar til batnaðar verða á fjárhags- eða eignastöðu skuldara á greiðsluaðlögunartímabilinu. Ef skuldari fær á greiðsluaðlögunartímabilinu háa fjárhæð sem ekki er reiknað með í greiðsluaðlöguninni, má deila þeirri fjárhæð milli kröfuhafanna án þess að greiðsluaðlöguninni verði breytt að öðru leyti.

Ef skuldarann innan 5 ára frá því að greiðsluaðlögun lýkur, tæmist arfur, fær vinning eða þess háttar, svo um muni, má héraðsdómur að beiðni kröfuhafa, víkja frá því sem greiðsluaðlögun kveður á um, að öllu leyti eða að hluta, eftir því sem leiðir af fjárhag skuldarans og tilliti til kröfuhafanna.²²

Ef skuldarinn innan 5 ára frá því að greiðsluaðlögun lýkur, selur þá eign sem greiðsluaðlögun hefur tekið til við hærra verði en mat skv. 4.mgr. 63.gr. j gerði ráð fyrir má héraðsdómur að beiðni kröfuhafa, víkja skipta þeim hagnaði að jöfnu milli skuldara og þeirra kröfuhafa þola þurftu afskrift áhvílandi skuldbindinga.²³

Umsókn um breytingu á greiðsluaðlögun skv. 1 – 4.mgr. skal vera skrifleg, skuldara og kröfuhöfum gefinn kostur á því að tjá sig um hana og með hana farið að öðru leyti samkvæmt ákvæðum þessa kafla eftir því sem við getur átt.

Kröfum skv. 2-4.mgr. skal beint að skuldara og skipuðum umsjónarmanni hans skv. 3.mgr. 63.gr.d. og skal hann vera skuldara til aðstoðar við meðferð málsins.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði þessa kafla skal taka til endurskoðunar í ljósi fenginnar reynslu og skal þeirri endurskoðun lokið 1. maí 2013. Skal skipuð til þess sérstök nefnd sem að komi auk dómsmálaráðuneytisins, fulltrúar félags- og tryggingamálaráðuneytis, helstu aðila vinnumarkaðarins, íbúðalánasjóðs, lífeyrissjóðanna, ráðgjafastofu heimilanna og banka og lánastofnana.

Til athugunar vegna greinargerðar og frekari lagasetningar:

- a. Samhliða þarf að gera breytingar á öðrum lögum þannig að sá hluti skulda sem fæst niðurfelldur myndi m.a. ekki skattstofn eða komi til skerðingar bótum almannatrygginga, lífeyrissjóða og atvinnuleysistryggingasjóðs. Þessi úrræði munu liðka fyrir nauðasamningum utan réttar en eins og málum háttar nú myndar eftirgjöf skulda skattstofn. Heimilt er að víkja frá því vegna nauðsamninga skv. gjaldþrotaskiptalögum en slík heimild er ekki til staðar sé samið utan réttar.
- b. Ákveða þarf örlög laga nr. 50/2009 um tímabundna greiðsluaðlögun fasteignaveðkrafna en hyggilegast væri að nema þau úr gildi þ.a. að þau gildi gagnvart þeim sem þegar hafa fengið greiðsluaðlögun skv. þeim.
- c. Jafnframt er nauðsynlegt að breyta gjaldþrotaskiptalögum þannig að um víkjandi kröfur skv. 4.tl. 114. gr. gbl. gildi sömu reglur og um kröfur skv. 1-3 og 5.tl sömu greinar, þ.e þær teljist

²² Hér er gert ráð fyrir upptöku máls ef úr rætist fyrir skuldara og þeim ástæðum sem þarna greinir.

²³ Hér er sérstaklega fjallað um það að ef hagnaður verður af sölu eignar á næstu árum eftir að greiðsluaðlögun líkur skuli skipta þeim hagnaði að jöfnu milli skuldara og kröfuhafa.

ekki til sammingskrafna en níverandi sérstaða vikjandi krafna getur tryggt kröfuhöfum þeirra úrslitaáhrif um hvort nauðasamningur sem þó tekur ekki til þeirra, komist á. Breyting í þessa veru mun liðka fyrir frjálsum nauðasamningum.

2

Tillaga um aðrar breytingar á gjaldþrotalögum nr. 21/1991

Bráðabirgðaákvæði 193. gr. breytist og hljóði svo:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 87. gr. getur skiptastjóri ~~með samþykki veðhafa~~ heimilað skuldara að búa áfram í húsnæði í eigu búsinns í allt að tólf mánuði. Fyrir þau afnot skal hann greiða leigu sem nemur a.m.k. þeim kostnaði sem er af eigninni, en það sem umfram er gengur til greiðslu krafna sem tryggðar eru með veði í eigninni. Heimild þessi fellur niður 1. mars 2010, en ákvörðun sem skiptastjóri hefur tekið fyrir þann dag stendur til loka þess tíma sem ákveðinn var.

Skv. meginreglu 87.gr. eins og hún er, skal svipta skuldara umráðum eigna sinna og koma þeim í verð svo fljótt sem verða má. Með lögum 5.gr. laga nr. 23/2009 var bætt bráðabirgðaákvæði við lögin. Ákvæðinu var ætlað að draga úr neikvæðum afleiðingum gjaldþrots á fjölskyldu þrotamanns á þann hátt að henni verði ætlaður rúmur tími til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Með slíku svigrúmi eru líkur á því að minni röskun verði á skólagöngu og félagstengslum barna vegna bráðra flutninga og fjölskyldunni almennt veitt meira svigrúm til þess að vinna úr því áfalli sem gjaldþroti og eignamissi fylgir óhjákvæmilega. Réttur þessi er hins vegar háður samþykki veðhafa sem dregur úr virkni þess. Lagt er til að skiptastjóri fari einn með þessa heimild.

2.mgr. 165.gr. breytist og hljóði svo:

~~Einstaklingur sem verður gjaldþrota, þrotamaðurinn ber ekki ábyrgð á skuldum sínum sem fást ekki greiddar við gjaldþrotaskiptin. Ef kröfu hefur verið lýst við gjaldþrotaskiptin og ekki fengist greidd við þau er fyrningu hennar slitið gagnvart þrotamanninum og byrjar nýr fyrningarfrestur að liða á þeim degi sem skiptunum er lokið, ef krafan var viðurkennd, en ella á þeim degi sem kröfunni var lýst.~~

Eins og fram kemur í greinargerð með 165.gr. laga 21/1991 þá er gildandi ákvæði í reynd aðeins virkt gagnvart þeim einstaklingum sem verða gjaldþrota því lögaðilar ljúka tilvist sinni við gjaldþrot. Með þessum hætti hallar mjög á einstaklinga í greiðsluvandræðum. Auk þess hvetur ákvæðið eins og það stendur kröfuhafa til þess að krefjast persónuábyrgða vegna rekstrarskulda lögaðila þegar betur færi að fé væri lánað vegna mats á greiðslugetu lögaðilans. Jafnframt hvetur ákvæðið eins og það er til óeðlilegra félagastofnana og kennitölufلاكs. Ákvæðið er brýnt vegna mikillar skuldsetningar vegna kaupa á íbúðarhúsnæði á undanförunum árum. Líklegt er að stór hópur einstaklinga sem tók bæði gengistryggð og verðtryggð lán verði gjaldþrota á næstu mánuðum og misserum. ASÍ lagði til í janúar 2009, að ábyrgðin yrði alfarið felld niður og leggur það til að nýju.

Tillaga um breytingar á lögum um nauðungarsölu nr. 90/1991

2.mgr. 6.gr. breytist og hljóði svo:

Til peningakröfu skv. 1. mgr. teljast eftir því sem átt getur við verðbætur, vextir, dráttarvextir og önnur samnings- eða lögbundin vanskilaálög, málskostnaður eða innheimtukostnaður, og kostnaður af kröfu, undanfarandi fullnustuaðgerðum, nauðungarsölnni sjálfri og aðgerðum í tengslum við hana. Uppboðs verður þó ekki krafist vegna innheimtukostnaðar sem reiknaður er af gjaldfeldri fjárhæð skuldar sem samkvæmt upphaflegum samningsskilmálum skal greiða á fleiri gjalddögum en einum.

Heimildir til nauðungarsölu fela það í sér, að kröfuhafi fær fulltingi réttarkerfisins til innheimtu krafna sinna og annarra réttinda. Löggjafanum er heimilt að setja reglur um það í hvaða skyni réttarkerfinu er beitt og ber að tryggja að hagsmuna uppboðspóla sé gætt. Stór hluti þeirra skulda sem innheimtar eru með nauðungaruppboði eða hótun um slíka aðgerð eru lán sem tekin hafa verið til langs tíma og þar sem einungis lítill hluti er kominn á gjalddaga. Með tillögunni er lagt til að kostnaður af innheimtunni verði bundinn við það sem gjaldfallið er en ekki það sem gjaldfellt er og verja skuldara þannig gegn áhóflegri gjaldtöku.

Hafa ber í huga að um getur verið að ræða háar fjárhæðir. **Dæmi:** Höfuðstóll veðskuldar er að eftirstöðvum 40.000.000.- Ógreiddar og gjaldfallnar afborganir eru 1.200.000.- Innheimtukostnaður skv. hefðbundinni gjaldskrá lögmanns vegna innheimtu af á 1.200.000.- eru kr. 109.850.- – auk virðisaukaskatts meðan kostnaður af innheimtu 40.000.000.- eru kr. 1.347.250.- auk virðisaukaskatts. Til viðbótar báðum kröfum reiknast milli 6 og 7 þúsund krónur án virðisaukaskatts fyrir hvert bréf og hvert þinghald hjá sýslumanni auk útlagðs kostnaðar eftir því sem við á. Ljóst er að verulegir hagsmunir skuldara eru fólgnir í því að takmörk verði sett á ofangreinda gjaldtöku.

2.mgr. 22.gr. breytist og hljóði svo:

Til samræmis er lagt til að 2.mgr. 22.gr. verði breytt og þannig tryggt að ágreining um útreikning kröfu megi leggja fyrir sýslumann. Greinin breytist og hljóði svo:

Ef ágreiningur verður við fyrirtöku skv. 21. gr. um hvort nauðungarsalan fari fram eða hvernig verði staðið að henni og um fjárhæð kröfu sbr. 2.mgr. 6.gr. tekur sýslumaður ákvörðun um ágreiningsefnið þegar í stað. Að jafnaði skulu mótmæli af hendi gerðarþóla eða þriðja manns ekki stöðva nauðungarsölu nema þau varði atriði sem sýslumanni ber að gæta af sjálfsdáðum eða sýslumaður telur þau annars valda því að óvíst sé að gerðarbeiðandi eigi rétt á að nauðungarsalan fari fram. Taki sýslumaður ekki til greina mótmæli gerðarþóla eða þriðja manns stöðvar það ekki frekari aðgerðir að hlutaðeigandi lýsi yfir að hann muni bera gildi nauðungarsölnnar undir héraðsdóm eftir ákvæðum XIV. kafla.

Flestar kröfur sem beðið er um nauðungaruppboð vegna eða þar sem nauðungaruppboði er hótad, eru greiddar áður en til sölu kemur. Þá er skuld að jafnaði komið í skil en skuldara á stundum gert að greiða kostnað af skuldinni gjaldfeldri. Í þeirri stöðu er skuldari varnarlaus þegar hann semur um greiðslu við

uppboðsbeiðanda. Lagt er til að ágreining um útreikning uppboðskröfu, þ.m.t. innheimtulaun megi bera undir sýslumann þegar eftir að frummeðferð máls hefst skv. 3 kafla laganna.

1.mgr. 55.gr. breytist og hljóði svo:

Ef ekki er mælt fyrir um á annan veg í uppboðsskilmálum nýtur kaupandinn réttar til umráða yfir eigninni frá því boð hans er samþykkt. Í uppboðsskilmálum skal þó mælt fyrir um að uppboðspoli haldi í allt að 12 mánuði frá samþykki boðs kaupanda, afnotum af seldu íbúðarhúsnæði enda sé það notað í þágu hans og fjölskyldu hans og sé af hæfilegri stærð fyrir þau not. Fyrir afnotin komi eðlilegt endurgjald skv. ákvörðun sýslumanns og qenqur það til uppboðskaupanda.

Skv. meginreglu 55.gr. eins og hún er fyrir breytingar, skal svipta uppboðspola afnotum og umráðum seldrar fasteignar þegar við samþykki boðs. Ákvæðinu er ætlað að draga úr neikvæðum afleiðingum nauðungaruppboðs á íbúðarhúsnæði á fjölskyldu þrotamanns þ.a. að henni verði ætlaður rúmur tími til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum. Með meira svigrúmi eru líkur á því að minni röskun verði á skólagöngu og félagstengslum barna vegna bráðra flutninga og fjölskyldunni almennt veitt meira svigrúm til þess að vinna úr því áfalli sem nauðungaruppboði á slíku húsnæði fylgir óhjákvæmilega.

4

Tillaga um breytingar á lögum um aðför nr. 90/1989

2.mgr. 1.gr. breytist og hljóði svo:

Aðför til fullnustu kröfu skv. 1. mgr. verður, eftir því sem við á, einnig gerð fyrir verðbótum, vöxtum og lögbundnum vanskilaálögum, kostnaði af kröfu, málskostnaði eða innheimtukostnaði, endurgjaldi kostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegum kostnaði af frekari fullnustuaðgerðum. Aðfarar verður þó ekki krafist vegna innheimtukostnaðar sem reiknaður er af gjaldfeldri fjárhæð skuldar sem samkvæmt upphaflegum samningsskilmálum skal greiða á fleiri gjalddögum en einum.

Um rökstuðning fyrir breytingunum vísast til tillagna um breytingu á lögum um nauðungaruppboð.

1.mgr. 27.gr. breytist og hljóði svo:

Ef gerðarþoli eða sá, sem málstað hans tekur, mótmælir rétti gerðarbeiðanda til að aðför nái fram að ganga eða hún fari fram með þeim hætti eða um þá fjárhæð kröfu sbr. 2.mgr. 1.gr., sem gerðarbeiðandi krefst, skal sýslumaður að kröfu gerðarbeiðanda ákveða þegar í stað hvort gerðin fari fram eða hvort henni verði fram haldið og eftir atvikum með hverjum hætti.

Um rökstuðning fyrir breytingunum vísast til tillagna um breytingu á lögum um nauðungaruppboð.

Innheimtulög

1.1 2009 tóku gildi lög 95/2008 um innheimtu. Þau taka á frum- og milliinnheimtu peningakrafna sem fram fer áður en svokölluð löginheimta hefst en með löginheimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfarslaga. Í ljós hefur komið vafi um það hvernig túlka beri lögin. Telur annar hópurinn að lögin gildi allt fram til þess að óskað er aðgerða á grundvelli réttarfarslaga meðan hinn telur að þau gildi einungis fram til þess að lögmaður tekur við kröfunni. Þessum vafa verður að eyða og þá þannig að lögin gildi ótvírætt allt fram til þess að réttarfarsúrræða er óskað.

Það var og er eindregin skoðun Alþýðusambands Íslands, að jafnvel þó svo að gildandi innheimtulög skapi nokkra vörn gegn óhóflegri gjaldtöku og harðræði meðan kröfur eru í forinnheimtu, þá veiti þau ekki það skjól sem skuldsettum og varnarlausum einstaklingum er nauðsynlegt þegar gjaldfallnar skuldir eru innheimtar í skjóli einfaldra, hraðvirkra og beitra réttarfarsúrræða sem kröfuhöfum hafa verið sköpuð til verndar hagsmunum sínum. Hér hallar verulega á. Í umsögn ASÍ um frumvarp til innheimtulaga sagði:

„Frumvarpið tekur á hluta þessa vanda en gengur fjarri lagi það langt að viðunandi sé. Til þess að innheimtulög nái tilgangi sínum verða þau einnig að taka til innheimtu fjárskuldbindinga á grundvelli réttarfarsúrræða. Sérstök réttarfarsúrræði til innheimtu fjárskuldbindinga veita innheimtuaðilum sterka og ósanngjarna réttarstöðu gagnvart skuldara. Fullyrða má, að eftir að krafa er gjaldfallin og viðvörunarfrestur liðinn sé skuldari upp á náð og miskunn þeirra lögmannna sem kröfuna innheimta kominn, án þess að geta borið hönd fyrir höfuð sér. Þ.e. undir hótun um aðför að skuldara sjálfum, ábyrgðarmönnum hans eða undir hótun um að nauðungaruppboð fari fram á eignum hans er samningsstaða hans vonlaus og engra úrræða að leita fyrir en viðkomandi aðgerð hefur náð fram að ganga með því tjóni og þeim afleiðingum sem slíkt getur haft í för með sér. Það á meðal annars við andmæli hans gegn óhóflegum innheimtukostnaði, innheimtukostnaði reiknuðum af gjaldföllnum skuldabréfum sem þó er leyft að komið sé í skil o.fl.“

Magnús M. Norðdahl hrl.,
Lögfræðingur ASÍ.